

Dæmisagan táknað þetta: hjarta mannsins er silfur, lífið er smiðjueldur og núnингur, og ljóminn á andlitinu er ljósið, sem í hjartanu býr".

Pá hljómaði raust kallaranna frá hverjum musteristurni í borginni út yfir þökin, sem geislar kvöldsólarinnar gyltu:—

Guð er mikill! Komið til bæna! Guð er mikill!

Gamlí einsatumaðurinn hljóp beint til musterisins og baðst fyrir. Eftir það yfirlægð hann hellinn fult og alt, leitaði samvista við aðra menn, og huggun og sjón veittust honum eins og ótæmandi fjársjóðir. Og andlit hans varð bjartara og bjartara, þó hann vissi það ekki, þar til ferð hans endaði í friði.

Hvað er varanlegt?

(Brot úr rædu).

Í hinum efnislega heimi virðist ekkert vera óumbreytanlegt. Vér sjáum ótal mörg umskifti, og oss er sagt af þeim, sem hafa vísindalega þekkingu á lögum náttúrunnar, að umskiftin haldi áfram þar sem augað getur ekki sylgt þeim. En vér ættum að munna að umskiftin og myndbreytingarnar eru aldrei eyðilegging, þó stundum virðist sem svo sé. Vísindin kenna oss að efnið, sem vér sjáum nú í þessari mynd og aftur í annari, eins og t. d. þegar vér sjáum brennandi trjábút breytast í reyk og ösku, sé í sjálfu sér varanlegt, það geti aldrei haett að vera til, enda þó það breytist stöðugt að últiti. Og það sem meira er, án stöðugjar breytingar væri allur vöxtur og þroski lífræns efnis ómögulegur. En er ekki eitthvað annað en efnið sjálft, þessi milli 70 og 80 frumefni, sem menn þekkja, varanlegt og fyrir ofan allar breytingar? Menn hafa komist að raun um að allar breytingar og umskifti í hinum efnislega heimi verða samkvæmt lögum, sem eru alstaðar og á öllum tínum hin sömu, að svo miklu leyti sem menn geta vitað. Vér vitum að til er þyngdar-